

Stjórn Geðhjálpar veitir eftirfarandi umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun um geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn, unglinga og fjölskyldur þeirra. Þingskjal 52 – 52. mál, 144 löggjafarþing 2014 – 2015.

Þingmenn úr hópi meiri- og minnihluta lögðu ofangreinda þingsályktunartillögu um aðgerðaráætlun í geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn, unglinga og fjölskyldur þeirra fram á síðasta löggjafarþingi. Tillagan er því lögð fram öðru sinni á yfirstandandi þingi.

Í millitíðinni ýtti heilbrigðisráðherra úr vör vinnu við mótun almennrar geðheilbrigðisstefnu innan velferðarráðuneytisins. Stýrihópur hefur skipt undirbúningsvinnu við stefnuna niður á fulltrúa í fimm undirhópum og á Geðhjálp fulltrúa í þeim öllum. Einum undirhópnum er ætlað að skila stýrihópi tillögu að þremur aðgerðum til hjálpar fimm eða fleiri undirhópum, þ. á m. börnum, öldruðum, innflytjendum, hælisleitendum og föngum.

Geðhjálp þykir geðheilbrigðisþjónustu við börn ekki vera gert nægilega hátt undir höfði með ofangreindum hætti. Því er lagt til að gert verði ráð fyrir auknu vægi geðheilbrigðisþjónustu við börn og fjölskyldur þeirra í mótun stefnunnar, t.d með sérstökum undirkafla eða afmarkaðri stefnu innan heildarstefnunnar. Rökin fyrir því eru einföld; því fyrir sem gripið er til aðgerða til að hjálpa fólki með geðrænan vanda því líklegri eru aðgerðirnar til að skila árangri.

Geðhjálp tekur undir með flutningsmönnum tillögunnar um að brýna nauðsyn beri til þess að auka forvarnir, skimun á vanda og námskeiðsframboð. Með sama hætti þarf að skilgreina betur verkaskiptingu stofnana og stofna þverfaglegt teymi ásamt því að efla viðtals- og fjölskyldumeðferð. Félagið leggur áherslu á að börnum sé tryggð niðurgreidd sálfræðiþjónusta á heilsugæslustigi og aðgengi að þjónustu barnageðlækna. Jafnframt sé stuðlað að því að stemma stigu við lyfjagjöf ásamt því að taka mið af félagslegum aðstæðum barna og fjölskyldna þeirra.

Geðhjálp benti nýlega á að engin stofnun væri til þess bær að veita börnum með geðrænan og vímuefnavanda undir 18 ára aldri greiningu og meðferð. Ung börn hefðu verið send á Vog eða vímuefnadeild Landspítalans (33A) með mun eldra fólki til meðferðar. Með sama hætti þyrfti að byggja upp langtímaúræði fyrir ungt fólk með tvíþættan vanda allt upp í 25 ára aldur. Þörf væri á upplýsingamiðlun og auknum stuðningi við foreldra. Fræða þyrfti fagfólk og vinna gegn fordómum gagnvart börnum með geðrænan vanda.

Ef ekki er brugðist við geðrænum vanda barna í æsku burðist fólk með hann inn í fullorðinsárin með alvarlegum afleiðingum fyrir viðkomandi fjölskyldu og samfélagið allt. Nefnt hefur verið að Finnar eru enn að stríða við afleiðingar þess að hafa ekki sinnt geðheilsu barna nægilega vel þegar kreppa reið yfir þar í landi seint á síðustu öld.

Hátt í 40% allra öryrkja eru öryrkjar vegna geðraskana. Því hefur verið spáð að árið 2020 verði þunglyndi önnur helsta orsök örorku í heiminum. Við þessu verður ekki spornað nema með samstilltu átaki opinberra aðila og almennings um að setja geðheilsu barna á oddinn með tilheyrandi raunhæfu fjármagni af fjárlögum hvers árs.

Fyrir hönd stjórnar Geðhjálpar,  
Hrannar Jónsson, formaður.